

að hún getur eigi talizt saknæm ærumeiðing, og þar sem hin átalda grein heldur eigi að öðru leyti getur álitizt ærumeiðandi að lögum fyrir stefnda, ber að dæma áfrýjandann sýknan af kærum stefnda í þessu tilliti. Kröfu áfrýjanda um ómerking nokkurra orða í sóknarskjölum umboðsmanns sækjanda í undirrettinum þykir eigi næg ástæða til að taka til greina. Málskostnaður fyrir báðum rjettum þykir eptir atvikum rjett að falli niður, og verður hinum skipaða málflutningsmanni stefnda fyrir yfirdómi eptir úrslitum málsins eigi dæmd nein málflutningslaun. Það vottast, að því leyti málið hefur verið gjafsóknarmál, að málsfærslan hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Áfrýjandinn, ritstjóri Skapti Jóseppson, á fyrir kæru stefnda, amtmanns Júlíusar Havsteen, í þessu máli sýkn að vera. Málskostnaður fyrir báðum dómum fellur niður.

Nr. 54/1894:

Árni prestur Jónsson
gegn

Sigurði Sigurjónssyni og
Bóthildi Hansdóttur.

Dómur:

Landamerkjамál þetta er í hjeraði höfðað af eigendum Geirastada gegn prestinum Árna Jónssyni, sem hefur kirkjujörðina Vindbelg að ljeni

út af merkjum milli þessara jarða, og var málið dæmt í landamerkjadómi Þingeyjarsýslu hinn 30. júní 1893 á þá leið, að landamerki milli jarðanna skuli vera: »Bein stefna úr Kerlingarnesi yfir hæsta brjóst Vindbelgjarfjalls á hæsta stað þess fjalls. Þaðan bein stefna í Helguhól«, og er með þessum dómi samþykkt merkjalína hinna stefndu. Auk þess ákvað dómurinn, að dagpeningar dómsmanna, 42 kr. að upphæð, ásamt ferðakostnaðar-reikningi oddvita skyldu greiðast að hálfu af hinum stefndu, eigendum Geirastaða, og að hálfu úr landssjóði.

Árni prestur Jónsson, beneficiarius á Skútu-stöðum og jafnframt umráðamaður yfir kirkjujörðinni Vindbelg, hefur að fenginni gjafsókn áfrýjað ofangreindum dómi til yfirdómsins með stefnu, dags. 8. desbr. 1894, eptir að eldri áfrýjun á málinu af hans hendi hafði verið hrundið af rjettinum og henni frá vísað, og hefur hann nú gjört þær rjettarkröfur, að hinn áfrýjaði landamerkjadómur verði úr gildi felldur og að eigendur Geirastaða verði in solidum dæmdir til að greiða allan kostnað máls þessa fyrir landamerkjadómi og yfirdómi að skaðlausu, svo sem málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með taldar 50 kr., sem kaup til hins skipaða málflytningsmanns sækjanda. Hinir stefndu hafa eigi mætt sjálfir, nje aðrir fyrir þeirra hönd, og verður að dæma málið eptir framlögðum skýrslum og skilríkjum.

Málsaðilum kemur saman um, að landamerki milli jarðanna sjeu bein stefna úr Kerlingarnesi á

hátopp Vindbelgjarfjalls, en úr því eru þeir eigi ásáttir. Hinir stefndu halda því fram, að þaðan sjeu merkin bein lína í Helguhól og þaðan beint vestur í Sandvatn móti Grimsstaðalandi við svo kallaðan Brennukílskjapt. Í dóminum er þó eigi dæmt um merki lengra en í Helguhól, því að hinir stefndu hafa frá fallið því, en annars hefur dómurinn tekið merkjalínu þeirra til greina. Áfrýjandinn, umráðamaður Vindbelgjar, álitur þar á á móti merkin eiga að vera úr hátopp Belgjarfjalls beint í botninn á Brennukíl, og þaðan eptir kílnum út í Sandvatn

Með vitnaleiðslu þeirri, sem fram hefur farið í málinu, er það nægilega sannað, að þrætulandið hafi verið brúkað frá Vindbelg meiri part yfirstandandi aldar átölulaust af öðrum, unz Bóthildur Hansdóttir, eigandi Geirastaða, fór að gjöra tilkall til þess fyrir rúmlega 8 árum, en af því leiddi þessi málarekstur. Fyrir þann tíma virðast Geirastaða-eigendur hafa viðurkennt brúkunina af Vindbelgjar hálfu lögmæta. Önnur skilríki en þessir vitnisburðir, hafa eigi komið fram í málinu, svo að þau hafi nokkra þýðingu, nema ef til vill lögfesta nokkur fyrir Vindbelgjarlandi, lögð fram af hinum stefndu í máli þess. Lögfestan tjáist útgefin af prestinum til Múlastaðar, Gísla Einarssyni; hún er ekki undirskrifuð af honum, en lestur hennar við kirkju á Skútustöðum 30. maí 1699 er vottað með 4 undirskriptum. En á þessu skjali verður heldur eigi neitt byggt. Því að auk þess sem óvíst er um rjettleik (authenti) skjalsins, eins og

það liggur fyrir í málinu — það hefur eigi verið lagt fram sjálfst í yfirdóminum, en er að eins inn fært í dómsgjörðirnar — þá er innihald þess svo, að Geirastaðir eru þar eigi nefndir á nafn og ekkert beinlínis ákveðið um landamerki gagnvart þeim. Og að vísu er þrætulandið þar eigi talið innan merkja Vindbelgjar, en það er þar fyrir vel hugsanlegt, að það hafi þó eigi legið undir Geirastaði í lögfestunnar tíð, heldur undir aðra jörð svo sem t. d. Grímsstaði, eða þá verið partur af eyðijörð nokkurri, er álitid er, að legið hafi í fyrndinni einmitt milli Geirastaða og Vindbelgjar. Stefndu geta því eigi með lögfestu þessari álitizt hafa fært þær sönnur á eignarrjett sinn að þrætulandinu sem tilheyrandi Geirastöðum, er ákvæðið í Jónsb. landsl.b. 26. kap. i f. útheimtir.

Samkvæmt hinu framanritaða þykir landamerkjadómurinn eigi hafa haft nægilega heimild til þess að dæma undir Geirastaði þrætulandið, sem var notað og hafði lengi verið notað frá Vindbelg, og verður því að ónýta dóminn og vísa málinu heim. Málskostnaður fyrir yfirdómi þykir rjett að falli niður. — Það vottast, að málsfærslan í hjeradi og sókn málsins við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Landamerkjadómurinn á að vera ómerkur, og vísast málinu heim aptur. Málskostnaður fyrir yfirdómi falli niður.